

Fimmtudaginn 7. maí 1998.

Nr. 394/1997.

Kristján Ágústsson

(Stefán Pálsson hrl.)

gegn

Búnaðarbanka Íslands hf.

(Brynjólfur Kjartansson hrl.)

Sjálfskuldarábyrgð. Áfrýjun.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma Sigurður Líndal prófessor, Jón Ólafsson hæstaréttarlögmaður og Þorgeir Ingi Njálsson héraðsdómari.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 29. september 1997 að fengnu áfrýjunarleyfi 17. sama mánaðar. Krefst hann sýknu af öllum kröfum stefnda og málskostnaðar sér til handa í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar héraðsdóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Samkvæmt 3. gr. laga nr. 50/1997 um stofnun hlutafélaga um Landsbanka Íslands og Búnaðarbanka Íslands tók Búnaðarbanki Íslands hf. við rekstri síðarnefnda bankans 1. janúar 1998.

Nokkur ný skjöl hafa verið lögð fram í Hæstarétti.

I.

Mál þetta var höfðað á hendur áfrýjanda með héraðsdómsstefnu, út gefinni 13. febrúar 1995. Við þingfestingu málsins 28. sama mánaðar varð útivist af hans hálfu, og var því lokið 16. mars 1995 með áritun á stefnu um aðfararhæfi krafna stefnanda í héraði, Búnaðarbanka Íslands. Samkvæmt beiðni áfrýjanda var málið endurupptekið fyrir héraðsdómi 13. júní 1995 eftir ákvæðum XXIII. kafla laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Með dómi héraðsdóms, sem kveðinn var upp 14. júní 1996, voru kröfur Búnaðarbankans að nýju teknar til greina.

Áfrýjandi skaut málinu upphaflega til Hæstaréttar með stefnu 9. ágúst 1996. Við þá áfrýjun var ekki gætt að sérstöku skilyrði áfrýjunar í 3. mgr. 142. gr. laga nr. 91/1991. Leiddi þessi annmarki á áfrýjun til þess, að málið var fellt niður með dómi Hæstaréttar 17. apríl 1997.

II.

Atvikum máls þessa, sem rekið er samkvæmt XVII. kafla laga nr. 91/1991, er lýst í hinum áfrýjaða dómi.

Fyrir Hæstarétti hefur áfrýjandi fallið frá þeirri málsástæðu sinni, að krafa stefnda á hendur sér sé fyrnd.

Með bréfi, dagsettu 8. apríl 1998, fór lögmaður áfrýjanda þess á leit við embætti ríkislögreglustjóra, að frumrit veðskuldabréfs þess, sem mál þetta snýst um, yrði rannsakað, meðal annars í því skyni að svara því, hvort vélritun á nafni áfrýjanda og tilheyrandi línu á bakhlið þess hefði farið fram, áður eða eftir að áfrýjandi ritaði þar nafn sitt. Í skýrslu tæknirannsóknastofu ríkislögreglustjóra, sem Haraldur Árnason lögreglufulltrúi hefur samið og dagsett er 21. apríl 1998, segir svo um niðurstöðu rannsóknar, sem gerð var á veðskuldabréfinu af þessu tilefni: „Það er niðurstaða undirritaðs, að nafnritun Kristjáns Ágústssonar á bakhlið fyrrnefnds veðskuldabréfs nr. 08250 hafi verið skrifuð, eftir að vélrituð undirskriftarlína og vélritað nafn hans hafi verið vélritað á skjalið.“ Uppsetning ábyrgðarfirlýsingarinnar á bakhlið skjalsins og útlit hennar í heild bendir ekki til annars en yfirlýsingin hafi verið skráð, um leið og nafn áfrýjanda var vélritað. Samkvæmt þessu og að öðru leyti með vísan til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta niðurstöðu hans um annað en málskostnað.

Áfrýjandi greiði stefnda málskostnað, sem verður ákveðinn sam-eiginlega í héraði og fyrir Hæstarétti, svo sem í dómsorði greinir.

D ó m s o r ð:

Áfrýjandi, Kristján Ágústsson, greiði stefnda, Búnaðarbanka Íslands hf., 3.620.257 krónur ásamt dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 29. nóvember 1994 til greiðsludags.

Áfrýjandi greiði stefnda samtals 350.000 krónur í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 14. júní 1996.

I.

Mál þetta, sem dómtekið var 24. maí sl., var höfðað með stefnu, birtri 23. febrúar 1995.

Stefnandi er Búnaðarbanki Íslands, kt. 490169-1219, Austurstræti 3, Reykjavík.

Stefndi er Kristján Ágústsson, kt. 010723-4859, Laugavegi 62, Reykjavík.

Dómkröfur stefnanda eru þær, að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda 3.620.257 kr. með hæstu lögleyfðu dráttarvöxtum skv. 10. gr. laga nr. 25/1987 frá 29. 11. 1994 til greiðsludags. Þess er krafist, að dráttarvextir leggist við höfuðstól á tólf mánaða fresti til greiðsludags, í fyrsta sinn 29. nóvember 1995, sbr. 12. gr. laga nr. 25/1987. Jafnframt er krafist greiðslu málskostnaðar að mati réttarins og að málskostnaðarfjárhæð beri hæstu lögleyfða dráttarvexti skv. III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 15. degi eftir dómsuppsögu til greiðsludags að viðbættum virðisaukaskatti á málflutningsþóknun.

Af hálfu stefnda er aðallega krafist sýknu af öllum kröfum stefnanda og að stefnanda verði gert að greiða sér málskostnað að mati réttarins, þ. m. t. virðisaukaskatt, en til vara, að stefnukröfur verði verulega lækkaðar og málskostnaður verði felldur niður.

II.

Málsatvik, málsástæður og lagarök.

16. júní 1989 gaf Íslenska stálfélagið hf. út veðskuldabréf til handa stefnanda. Fyrir hönd Íslenska stálfélagsins hf. rita undir bréfið Hjörtur Torfason hrl., Haraldur Þór Ólason og stefndi, en þeir voru stjórnarmenn í félaginu. Skuldabréf þetta var að fjárhæð 12.770.000 kr. Skyldi skuldin greidd með tólf afborgunum á sex mánaða fresti, í fyrsta sinn 15. janúar 1990, og var hún bundin lánskjaravísitölu og skyldi breytast í sama hlutfalli og vísitala. Vextir af skuldinni skyldu vera breytilegir, hæstu skuldabréfavextir, eins og þeir væru ákveðnir af Búnaðarbanka Íslands á hverjum tíma, upphaflega 7,75% ársvextir. Með skuldabréfi þessu var stefnanda sett að veði eignarlóð úr landi jarðarinnar Hvassahrauns í Vatnsleysustrandarhreppi ásamt byggingum og mannvirkjum. Eftir því sem segir í stefnu, tókust Hjörtur Torfason, Haraldur Þór Ólason og stefndi á hendur sjálfskuldarábyrgð á greiðslu skuldarinnar. Þar segir enn fremur, að í skuldabréfinu sé mælt fyrir um, að skuldin falli í gjalddaga fyrirvaralaust og án uppsagnar, verði greiðsludráttur á henni. Vegna vanskila og árangurslausra innheimtutílauna hafi skuldin öll fallið í gjalddaga frá og með 15. janúar 1992. Íslenska stálfélagið hf. hafi verið úrskurðað gjaldþrota 12. nóvember 1991, og sé því félaginu ekki stefnt í málinu. Stefnandi kveðst hafa samið við Hjört Torfason og Harald Þór um greiðslu á ábyrgðum þeirra. Hafi stefnandi lækkað kröfu sína samkvæmt skuldabréfinu og leyst þá úr ábyrgð með greiðslu þeirra 29. nóvember 1994. Stefndi hafi hins vegar ekki samið um

greiðslu vegna ábyrgðar sinnar, og sé því málshöfðun óhjákvæmileg. Skuld sú, sem krafist sé, að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda, sé í samræmi við samning stefnanda við samábyrgðarmenn stefnda 29. nóvember 1994. Krafist sé dráttarvaxta frá þeim degi.

Stefnandi kveðst höfða mál þetta á grundvelli 17. kafla laga nr. 91/1991, og sé málið rekið samkvæmt því, sbr. ákvæði þar um í bréfinu sjálfu.

Stefndi reisir sýknukröfu sína á þeirri málsástæðu, að hann hafi ekki gengist undir sjálfskuldarábyrgð á skuldabréfinu, og sé skuldin sér því óviðkomandi. Kröfur á hendur stefnda séu ekki byggðar á framhlið skuldabréfsins, heldur áritun á bakhlið þess um sjálfskuldarábyrgð hans, Hjartar Torfasonar og Haralds Þórs Ólasonar.

Stefndi segir málavexti þá, að hann hafi átt sæti í stjórn Íslenska stálfélagsins hf. Hann hafi áður átt þátt í undirbúningi að stofnun fyrirtækisins. Í því sambandi hafi fyrirtæki stefnda, Brimnes sf., samþykkt víxil vegna kaupa á lóð undir starfseminu. Víxill þessi hafi verið út gefinn af Hirti Torfasyni hrl. Þegar stefnandi hafi gefið fyrirheit um rekstrarlán til Íslenska stálfélagsins hf., hafi víxilfjárhæðin verið orðin um tólf milljónir kr.

Stefndi hafi undirritað framhlið skuldabréfsins á skrifstofu Hjartar Torfasonar hrl., en síðar hafi Stefán heitinn Hilmarsson, bankastjóri stefnanda, beðið hann að rita nafn sitt og kennitölu á bakhlið skuldabréfsins, sem þá hafi verið auð. Hann segir Stefán hafa beðið sig um að gera þetta, þar sem bankinn þyrfti skýrari nafnritun og kennitölu. Ekki hafi verið rætt um neina sjálfskuldarábyrgð í því sambandi. Ábyrgðaryfirlýsingin hafi verið færð inn á bréfið síðar án síns samþykkis.

Stefndi mótmælir því, að málið sé höfðað á grundvelli XVII. kafla laga nr. 91/1991, þar sem hin ætlaða ábyrgðarlýsing sé ekki hluti af skuldabréfinu og ákvæðum þess, heldur sjálfstætt fyrirbæri, sem fullnægi ekki skilyrðum réttarfarslaga um dagsetningar, votta og fleira. Því sé haldið fram, að varnir sínar komist að, þar sem ekki sé um kröfu samkvæmt 17. kafla eml. að ræða.

Fallist dómurinn ekki á það, að undirritun sín og tilurð ábyrgðaryfirlýsingarinnar sé óskuldbindandi fyrir sig, sé því haldið fram, að krafan á hendur sér sé fyrnd, sbr. 4. tl. 3. gr. laga nr. 14/1905. Þá kveðst stefndi einnig reisa varnir sínar á því, að ábyrgðaryfirlýsingin sé ógild gagnvart sér skv. III. kafla samningalaga nr. 7/1936, aðallega 31., 33. og 36. gr.

Stefndi kom fyrir dóminn og gaf skýrslu. Þá komu fyrir dóminn vitnin Haraldur Þór Ólason framkvæmdastjóri og Hjörtur Torfason hæstaréttardómari og gáfu skýrslu.

Niðurstaða.

Með úrskurði, upp kveðnum 2. október 1995, hafnaði héraðsdómari kröfu stefnda um að leiða aðila og vitni fyrir dóm í máli þessu. Úrskurðurinn var kærður til Hæstaréttar, sem felldi hann úr gildi með dómi 26. október s. á. Í dómi Hæstaréttar er fallist á þá niðurstöðu héraðsdómara, að höfða megi mál þetta sem skuldabréfamál eftir ákvæðum XVII. kafla laga nr. 91/1991, sbr. c-lið 117. gr. þeirra laga.

Stefndi reisir sýknukröfu sína á því, að hann hafi ekki gengist undir sjálf-skuldarábyrgð á hinu umdeilda veðskuldabréfi, þar sem bakhlið bréfsins hafi verið auð, er hann ritaði nafn sitt á hana.

Frumrit veðskuldabréfsins liggur frammi í málinu. Á framhlið rita Hjörtur Torfason, Haraldur Ólason auk stefnda f. h. Íslenska stálfélagsins hf. undir skuldaviðurkenningu félagsins við stefnanda. Eftir því sem upplýst hefur verið í rekstri málsins, voru tildrög málsins þau, að umdeilt skuldabréf var útbúið á lögfræðiskrifstofu Hjartar Torfasonar hrl. og framhlið þess undirrituð þar. Til stóð að selja það stefnanda og greiða með því víxillán, upphaflega að fjárhæð 7.500.000 kr., skv. víxli, samþykktum af Brimnesi sf., fyrirtæki stefnda. Víxill þessi var út gefinn 20. janúar 1988 af Hirti Torfasoni. Stefndandi hafnaði hins vegar kaupum á veðskuldabréfinu, nema til kæmi ábyrgð tilgreindra þriggja stjórnarmanna, þ. e. þeirra Hjartar Torfasonar, Haralds Þórs Ólasonar og stefnda.

Á bakhlið bréfsins er ritað, að til frekari tryggingar skilvísri og skaðlausri greiðslu höfuðstóls, vaxta, vísitöluálags, dráttarvaxta og alls kostnaðar vegna vanskila þessa láns takist eftirtaldir aðilar á hendur sjálfskuldarábyrgð á láni þessu, og gildi ábyrgðin jafnt, þó að greiðslufrestur verði veittur á láninu einu sinni eða oft, og eins, þótt skipt verði um ábyrgðaraðila, uns skuldin sé að fullu greidd. Undir þessa yfirlýsingu rita nafn sitt Hjörtur Torfason, Haraldur Ólason og stefndi.

Vitnið Hjörtur Torfason skýrði svo frá fyrir dóminum, að hann hefði verið kallaður niður í Búnaðarbanka til að undirrita sjálfskuldarábyrgðina, og hefði þá sá texti, sem nú sé á skuldabréfinu, verið á bréfinu. Stjórnarmennirnir Haraldur Ólason og stefndi hafi ekki verið með í þeirri för. Vitnið kvaðst ekki muna, hvar í röðinni hann hefði ritað á bakhlið veðskuldabréfsins, en eins gæti verið, að hann hefði ekki ritað fyrstur á bréfið. Vitnið kannaðist við sjálfskuldarábyrgð sína og kvaðst hafa gert ráð fyrir því, að stefndi væri einnig sjálfskuldarábyrgðarmaður á skuldinni. Vitnið kvaðst hafa talið ábyrgðina tímabundna, á meðan félagið væri að koma undir sig fótunum. Hins vegar hefði leikið vafi á því, hvort lóð sú, sem sett hefði verið að veði með skuldabréfi þessu, hefði verið nægileg trygging. Þess vegna

hefði sú krafa komið fram frá stefnanda, að þeir þrír íslensku stjórnarmenn, sem mest hefðu starfað og verið tengdir eldra láninu, gerðust sjálfskuldar-ábyrgðarmenn. Ákvörðun stjórnarmannanna um að ganga í þá ábyrgð hafi ekki verið tekin á formlegum fundi.

Vitnið Haraldur Ólason skýrði svo frá, að er hann hefði ritað á bréfið sem sjálfskuldarábyrgðarmaður í bankanum, hefðu nöfn hinna ábyrgðarmannanna verið á bréfinu. Rætt hefði verið um það, áður en hann ritaði nafn sitt, að umræddir þrír stjórnarmenn gengju í sjálfskuldarábyrgð á skuldinni. Hann hefði ekki ætlað að skrifa undir slíka yfirlýsingu, en þess verið krafist af stefnanda. Sú krafa hefði verið studd því, að vitnið væri hluthafi til jafns við hina tvo og yrði því að ganga í umrædda ábyrgð. Vitnið kvaðst hafa greitt sinn hluta ábyrgðarinnar.

Stefndi skýrði svo frá fyrir dóminum, að hann hefði verið stjórnarmaður í Íslenska stálfélaginu hf. og ritað á framhlið skuldabréfsins sem slíkur. Kvaðst hann síðar hafa verið kallaður til Stefáns heitins Hilmarssonar, bankastjóra stefnanda, sem hefði beðið sig að rita nafn sitt á bakhlið bréfsins. Tilgangurinn hefði verið sá að fá kennitölu sína aftan á bréfið, þar sem hana hefði vantað á framhlið. Hann hefði því ritað nafn sitt á bakhliðina, sem þá hafi verið auð. Síðan hefði ekkert heyrst af þessu máli fyrr en í apríl 1995. Margspurður af dómara kvað stefndi bakhlið skuldabréfsins hafa verið algjörlega auða, þegar hann ritaði á hana. Þá neitaði hann því að hafa ætlað að gerast ábyrgðarmaður að skuldum Íslenska stálfélagsins hf.

Stefndi átti þátt í undirbúningi að stofnun Íslenska stálfélagsins hf. og sat í stjórn þess allt fram að gjaldþroti félagsins. Samkvæmt því, sem fyrir liggur í máli þessu, var gengið frá umræddri ábyrgðaryfirlýsingu, eftir að umræddir stjórnarmenn Íslenska stálfélagsins hf. höfðu skrifað undir skuldabréfið f. h. félagsins 16. júní 1989. Ábyrgðaryfirlýsingin á bakhlið bréfsins er hvorki dagsett né vottuð.

Stefndi hefur viðurkennt að hafa ritað nafn sitt á bakhlið umrædds skuldabréfs. Sú fullyrðing stefnda, að hann hafi ritað nafn sitt á bakhlið eingöngu til að upplýsa um nafnnúmer sitt, er harla ótrúverðug miðað við þátttöku og reynslu stefnda í viðskiptum. Margsinnis spurður fyrir dómi kvað stefndi bakhlið skuldabréfsins hafa verið auða, þegar hann ritaði nafn sitt á hana. Augljóst er hins vegar, þegar frumrit skuldabréfsins er skoðað, að nafn stefnda er ritað ofan í vélritaða línu og vélritað nafn hans undir henni. Því stenst ekki sú fullyrðing stefnda, að bakhlið bréfsins hafi verið auð, þegar hann ritaði nafn sitt á hana. Þegar litið er til aðdragandans að undirritun ábyrgðaryfirlýsingarinnar, vitnisburðar hinna tveggja ábyrgðarmannanna og uppsetningar bakhliðar skuldabréfsins í heild, þykja rök ekki

hníga til þess, að fallast beri á þá fullyrðingu stefnda, að bakhliðin hafi verið auð, þegar hann ritaði nafn sitt á hana. Telst stefndi því hafa ritað nafn sitt undir umrædda yfirlýsingu og þannig tekist á hendur sjálfskuldarábyrgð á skuldinni samkvæmt skuldabréfinu.

Sú málsástæða stefnda, að ábyrgðaryfirlýsingin teljist ógild gagnvart sér vegna ákvæða III. kafla samningalaga nr. 7/1936, er órökstudd með öllu. Ekki eru skilyrði til að beita ógildingarákvæðum laga nr. 7/1936, sbr. lög nr. 11/1986, eins og á stendur í máli þessu.

Skuld samkvæmt umræddu skuldabréfi féll í gjalddaga 15. janúar 1992 vegna vanskila, og aðalskuldarinn, Íslenska stálfélagið hf., var úrskurðað gjaldþrota 12. nóvember 1991. Skuld sú, sem hér um ræðir, var því ekki fyrnd skv. 4. tl. 3. gr. laga nr. 14/1905, þegar stefna í málinu var birt stefnda 23. febrúar 1995. Ber því að hafna þeirri kröfu stefnda, að sýkna beri hann af greiðslu kröfunnar vegna fyrningar.

Í málinu er ekki ágreiningur um fjárhæðir. Samkvæmt því, sem hér hefur verið rakið, ber að taka kröfur stefnanda til greina, eins og þær eru settar fram í stefnu. Stefndi greiði stefnanda 350.000 kr. í málskostnað, þar með talinn virðisaukaskatt af málflutningsþóknun.

Valtýr Sigurðsson héraðsdómari kvað upp dóm þennan.

D ó m s o r ð:

Stefndi, Kristján Ágústsson, greiði stefnanda, Búnaðarbanka Íslands, 3.620.257 kr., með dráttarvöxtum skv. 10. gr. laga nr. 25/1987 frá 29. nóvember 1994 til greiðsludags, og er heimilt að höfuðstólsfæra áfallna dráttarvexti á 12 mánaða fresti, í fyrsta sinn 29. nóvember 1995, sbr. 12. gr. laga nr. 25/1987.

Stefndi greiði stefnanda 350.000 kr. í málskostnað, þar með talinn virðisaukaskatt af málflutningsþóknun.